**Bekkur:** 3. bekkur

**Námsgrein:** Samfélagsgreinar (samþættist við íslensku, náttúrugreinar og tækni og upplýsingamennt)

**Kennarar:** Heiðrún Harpa Marteinsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir

**Tímafjöldi:** 2 klst á viku

GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI

*Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð*

**Námsgögn:**

Komdu og skoðaðu fjöllin, Trúarbrögðin okkar, Jól í skókassa, Komdu og skoðaðu landakort, Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna. Námsefnið Verkfærakistan (jákvæður- og neikvæður leiðtogi) og verkefni tengd Uppeldi til ábyrgðar t.d. lífsgildi, bekkjarsáttmáli, þarfir og skýr mörk.

**Lykilhæfni:**

Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Grunnskólans í Borgarnesi

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja veruleikann | Að nemandi<br>• borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.<br>• geti sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.<br>• velti fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.<br>• geti sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu.<br>• átti sig á gildi samhjálpar í samfélaginu.<br>• geti lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.<br>• geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.<br>• geti áttað sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum.<br>• geti áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.<br>• átti sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.<br>• geti gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa.<br>• geti áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.<br>• velti fyrir sér nærtækum spurningum sem tengjast trú, lífsviðhorfi og breytni.<br>• geti nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum. | Unnið með námsefnið á fjölbreyttan hátt og samþætting við aðrar námsgreinar. Einstaklings-, para- og hópvinna, gagnvirk verkefni, umræður, myndsköpun, ritun og vettvangsferðir. | Leiðsagnarmat, símat, sjálfsmat.<br><br>Verkefni og vinnubækur, þátttaka og vinnubrögð. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | • varist hættur á heimili sínu og í nágrenninu. | | |
| Hugarheimur-Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum | • þjálfist í að segja frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.<br>• geti bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.<br>• geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans.<br>• þjálfist í að setja sér markmið og gera áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.<br>• geti bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.<br>• átti sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.<br>• geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.<br>• geti gert  sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.<br>• geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.<br>• geti sett sig í spor annarra jafnaldra. | | |
| Félagsheimur - Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra | • geti tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.<br>• geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.<br>• geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.<br>• geti hlustað á og greint að ólíkar skoðanir.<br>• geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna.<br>• þjálfist í að tjá þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti.<br>• geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur. | Samvera með vinabekk, bekkjarfundir, framsögn, verkefnavinna og almennar umræður. | Þátttaka í kennslustundum, hegðun, framkoma og samskipti í skólanum. |